

## REGLUR

### um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar og hámark eigin áhættu.

#### 1. gr.

Starfsábyrgðartrygging endurskoðanda skal nema minnst 20.000.000 króna vegna hvers einstaks tjónsatviks.

Heildarfjárhæð váttryggingabóta innan hvers árs skal nema minnst 50.000.000 króna.

Fjárhæðir þessar skulu miðast við vísitölu neysluverðs í mars 2020, 475,2 stig, og breytast 1. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 1. janúar 2021, í samræmi við breytingar á vísitölunni.

#### 2. gr.

Hámark eigin áhættu váttryggingataka starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda er 5.000.000 kr.

#### 3. gr.

Reglur þessar, sem eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun, öðlast gildi x. xx 2020.

Endurskoðendaráði, x. xx 2020.